

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Einstefnuakstur:

- a. Í Naustunum til suðurs frá Geirsgötu að Tryggvagötu.
- b. Í Grófinni til norðurs frá Tryggvagötu að Geirsgötu.
2. Innakstur er bannaður frá Tryggvagötu í Geirsgötu.
3. Útakstur er bannaður frá Hafnarhúsinu út í Grófina.
4. Pósthússtræti er lokað við Geirsgötu fyrir annarri umferð en nauðsynlegri hafnarumferð.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar í Grófinni, beggja vegna götunnar milli Tryggvagötu og Geirsgötu.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Sigurjón Sigurðsson.

26. apríl 1967.

Nr. 41.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 1 á Lyfjaverðskrá II frá 10. ágúst 1966.

Frá og með 10. maí 1967 ganga í gildi viðauki og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 10. ágúst 1966.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1967.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 42.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1966.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga	kr. 3 887 580.00
2. Vaxtatekjur	— 1 639 586.43
3. Húsaleigutekjur	— 35 475.00
4. Lántöku- og stimpilgjöld	— 41 709.00

Kr. 5 604 350.43